

Morgunblaðið

Útgef.: H.F. Árvakur, Reykjavík.
Ritstjórnar: Jón Kjartansson og Valtyr Stefánsson (ábyrgðarmaður).
Auglýsingar: Árni Óla
Ritstjórn, auglýsingar og afgreiðsla: Austurstræti 4. — Sími 1600.
Áskriftargjald: kr. 3,00 á mánuði
Í lausabú: 16 auro stöktakir — 26 auro með Lesbók

VERSLUNARÞINGINU SLITIÐ

Verzlunarstjettinni verður ekki lengur legið á hálsi fyrir það, að hún sje tómlát um sín eigin málefni. Hin mikla þátttaka í verslunarþinginu og sá áhugi, sem þar ríkti, tala skýru máli um það, að verslunarstjettin stendur einhuga og ákveðin um þau mál, sem hana varða. Hin ítarlegu og fróðlegu erindi, sem þar voru flutt, sýna enn fremur, að verslunarstjettin á góðum krötum á að skipa, til varnar og sóknar.

Í lok þingsins flutti forseti þess, Magnús Kjaran, stórkaupmaður hina snjöllu ræðu um verslunarfrelsið, sem birtist hér í blaðinu í dag. Hann mintist verslunarfrelsisins, sem nú hefir staðið í 150 ár og benti á hvernig það var fyrsti stórsigurinn í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar. Hann vitnaði í ummæli Jóns Sigurðssonar: „frelsið er hinn besti læknir þeirra sára, sem ófrelsið hefir höggvið“. Verslunarstjettin stendur einhuga um, að losna við þá fjötra, sem á hana hafa verið lagðir á seinni árum.

Eins og gefur að skilja voru gjaldeyrismálin þungamiðjan í starfi verslunarþingsins. Þar hefir rangsleitni stjórnarvaldanna komið fram í einna berastri mynd. Hvergi í heiminum, þar sem atvinnufrelsi manna er á annað borð viðurkennt, hefir viðskiftahöftunum verið beitt á þann hátt, sem hér hefir orðið. Í nágrannalöndunum, þar sem að völdum sitja menn, sem hafa fullan skilning á samvinnustefnunni, hefir engum dottið í hug að efla viðgang hennar á kostnað kaupmannastjettarinnar, eins og hér hefir verið gert.

Hlutverk verslunarstjettarinnar fyrir þjóðarheildina, nýtur hvarvetna meðal lýðfrjálsra þjóða alt annarar viðurkenningar hins opinbera en hér á sjer stað. Helstu frömuðir samvinnustefnunnar erlendis, játa alveg óhikað, að hagsmunum almennings sje best borgið með því, að kaupmenn og kaupfélög starfi hlið við hlið, og njóti fullkomins jafnrjettist.

Viðskiftahöftin hafa gefið flestum ríkisstjórnunum heimsins tækifæri til að beita þeim ákveðnum verslunarstefnum í hag eða óhag. En hvergi í nágrannalöndunum hafa ríkisstjórnirnar fallið fyrir þeirri freistingu, að veita eða synja um innflutning, eftir því hvort í hlut ættu pólitískir fylgismenn eða andstæðingar. Þar hefir aldrei verið talað um að „hjálpa um“ innflutning. Úthlutun innflutningsins hefir þar verið bundin kveðnum, ófrávikjanlegum reglum. Hefir verið miðað við það magn, sem innflytjendur höfðu hver um sig áður

en höftin komu til sögunnar. Þegar heildarinnflutningurinn hefir skerst, hafa síðan einstakir innflytjendur orðið að sætta sig við hlutfallslega takmörkun, hvorki meira nje minna.

Sú rangsleitni, sem hér hefir verið beitt í þessum efnun, á sjer engin fordæmi meðal nágrannaþjóðanna. Það út af fyrir sig, að það „rjettlæti“ sem hér er látið gilda, þekkist ekki annars staðar, talar skýru máli um eðli þessa fyrirkomulags. Öllum almenningi er ljóst, að eins og nú stefnir, er unnið að því vitandi vits, að útrýma einni stjett þjóðfélagsins, bæði með hinni dæmalausu úthlutun og eins með því að taka æ fleiri greinar verslunarinnar undir ríkisvaldið. Í hinu fróðlega erindi Lárusar Jóhannessonar var sýnt, hvernig þjóð eins og Svíar, telja sjer skylt að bæta einstaklingunum það tjón, sem þeir bíða, er atvinnurekstur þeirra legst niður vegna íhlutunar ríkisvaldsins.

Íslenska verslunarstjettin fer ekki fram á nefn forrjettindi. Hún krefst þess einungis, að rjettur hennar sje ekki fyrir borð borinn. Hún sækir mál sín af sanngirni en með fullri festu. Verslunarþing það, sem hefir staðið yfir undanfarna daga, er vottur vaxandi samheldni þessarar mannvænlegu stjettar. Kröfur þess eru þær einar, að hver framsýn og rjettlát ríkisstjórn mundi ekki hika við að taka þær til greina.

STÖRIN SYNGUR.

Ljómæli eftir Guðmund Frímann. Reykjavík 1937.

Þessi nýja kvæðabók er mjög athyglisverð. Höfundurinn er smekkvís um mál og efnismeðferð, svo að hvergi bregður út af því í allri bókinni. Kvæðin eru þýð og blæfögur, ljóðrænn svalt leikur um hugarheima skáldsins. Hann sækir mörg yrkisefni í sveitalífið og unað þess, og um það eru mörg bestu kvæðin, eins og til dæmis Vorljóð bóndans og Gamalt bóndaljóð, bæði prýðisvel ort. Höfundur kann vel að fljetta saman gaman og alvöru í kvæðinu um Láka í Pontu, líf hans og dauða, en annars eru kvæðin yfirleitt alvarlegs efnis og laus við alla ljettúð og flysjungshátt. — Þetta er þriðja bók höfundar og markar hver um sig greinilega framför. Fyrri bækurnar eru Náttólir (1922) og Útlablóð (1933), undir gervinafninu Álfur úr Klettstíu). Með nýju bókinni hefir hann skipað sjer á fremsta bekk hinna yngri skálda. Frágangur á útgáfunni er einkarvandaður, og bókina prýða margar pennateikningar eftir höfund sjálfan. Guðni Jónsson.

VERSLUNARFRELSI ÍSLENDINGA

Það mál, sem mesta athygli hefir vakið á þinginu eru gjaldeyris- og innflutningshöftin og framkvæmd þeirra, og það svo mjög, að menn hafa gleymt höfuðdövinu verslunarstjettarinnar, einkasölunum.

En eins og umhorfs er nú í heiminum verður sú ráðstöfun haftanna að teljast rjettmæt, sem fólgin er í því, að vörukaupum er beint til ákveðinna landa, þeirra, er okkar afurðir kaupa.

Og engan þarf að undra þótt skortur sje á erlendum gjaldeyri, meðan kaupgeta landsmanna inn á við er nálega 40% meiri en kaupgeta þjóðarinnar út á við. Ef þar væri jafnvægi, væri líka jafnvægi í utanríkisversluninni, án nokkurra hafta. Því kaupgetan krefur rjettar síns. En þegar þess er gætt, að þær vörutegundir, sem inn eru fluttar ótakmarkað að heita má, falla undir einkasölu ríkisins, þá verður ekki lengur sagt, að verslunin sje frjáls á Íslandi, og er þá skiljanlegt, að verslunarstjettin finni ekki ástæðu til að minnast hátflegra 150 ára afmælis verslunarfrelsisins. Eigi að síður finst mjög það ekki óviðeigandi, að jeg rifji það upp nú, þar sem afmælisdaginn verður að telja annaðhvort 13. júní s.l. eða 1. jan. næstkomandi. Að vísu var hin konunglega tilskipun gefin út 18. ágúst 1786, en lögin voru ekki undirskrifuð fyrir 13. júní árið eftir og gengu ekki í gildi fyrir en 1. jan. 1788. Jeg geri ráð fyrir, að það sjeu fleiri en verslunarstjettin, sem viðurkenna það, að verslunarfrelsið var fyrsti stórsigurinn, sem unninn var í baráttunni fyrir fullu sjálfstæði, og víst er um það, að hefði verslunarfrelsið ekki fengist, þá hefðum við ekki verið þess megnugir að fá fullt sjálfstæði 1918.

Jeg ætla ekki að fara að lýsa einokunarversluninni hér á landi, sem staðið hafði frá 1602 eða í hartnær 200 ár, en það er ein samfeld sorgarsaga. En það er eftirtektarvert, hvað það var í raun og veru, sem olli því, að hún var afnumin. Það var ekki fyrst og fremst fyrir baráttu Skúla lógeta, eða tillögur Jóns Eiríkssonar, heldur hitt, að kongurinn var farinn að tapa á versluninni, eða einokunin var gjaldþrota. Þó var haldið óspart að fólkinu, því, sem einokunin átti að lifa á, tóbaki og brennivíni, þótt nauðsynjar oft skorti. Árið 1782 lagði Landbúnaðarfélagið danska fram þá spurningu: Hver verslunartilhögun væri heppilegust á Íslandi og hjet verðlaunum þeim, er best leysti úr. Jón Eiríksson var einn í tölu þeirra, er svöruðu spurningu félagsins. Álitur hann, að einokunarverslun geti aldrei orðið landsmönnum til annars en óbætanslegs tjóns. Var nú skipuð

Ræða Magnúsar Kjaran flutt er hann sleit Verslunarþingi í gær

nefnd, er rannsaka skyldi verslunarmálið frá rötum og átti Jón Eiríksson sæti í henni ásamt öðrum Íslendingi. Nefndin var sam-mála um, að nauðsyn bæri til að afnema einokunina. Íslendingarnir tveir vegna hagsmuna landsmanna, en Danirnir, sem voru í stórum meirihluta, vegna þess að kongurinn væri farinn að tapa á versluninni. 24 árum áður, eða 1758 lýsir Eggert Ólafsson í kvæði er hann nefnir „Markaðar Rímu“, þannig uppboði á Íslandsversluninni í Kaupmannahöfn:

Fyr þín gæði fýsileg fjöldi sókti þjóða, nú vill enginn eiga þig, ættarjörðin góða.

Enginn grætur, enginn hlær, enginn rís úr sæti, enginn býður, enginn slær, eða um kaupin þrætir.

En hann er samt vonlítill um verslunarfrelsið og segir, að þótt svo sje komið: „þá muntu enn í annað sinn á boðstólum verða“.

Hvernig stóð nú á því, að einokunin stóð svo lengi, jafnvel eftir að tap varð á henni? Aage Meyer Benediktsson segir í ritgerð er hann nefnir: „Íslandske Lívsforhold“: „Það var ekki af danskri ágenngni, að einokun var á Íslandi, heldur fyrir bænir og kvartanir frá Íslandi yfir hinni hingað til óskipulögðu verslun“.

Það hefir verið frá Rauðku þeirra tíma.

Hvaða álit höfðu nú okkar bestu menn á verslunarfrelsinu og verslunarstjettinni íslensku?

Tómas Semundsson minnst á kaupmennina í brjefi, sem prentað er í Fjölni, á þessa leið: „Um hina verslandi borgara má segja: að þeim vegnar að því skapi, sem þeir eru samheldnir og útsjónarsamir til, og flestum held jeg allvel, og væri það betur, því þeir eru að sínu leyti sama í stöðunum og bændur eru í sveitunum, því fje þeirra er kyrt í landinu, eykst þar og eyðist og af þeirra rötum rennur sú kaupmannastjett, sem landinu er áriðandi og máttarstofn þjóðarinnar, að því leyti, sem hún er upp á önnur lönd komin“. Þá minnst Jón Sigurðsson á verslunarfrelsið, sem margir hjeldu að Íslendingar væru ekki færir um að fá. Hann treystir þeirri undirstöðureglu, „sem sýnt hefir síðan“, eins og hann orðar það, „og jafnan mun sýna, að hún er óbrigðul og það er, að reynslan er hinn besti kennari mannkynsins, og samast þar af,

að frelsið er hinn besti læknir þeirra sára, sem ófrelsið hefir höggvið“. Og hver er svo reynslan í þessu efni? 1816 voru einir 4 ísl. kaupmenn til á öllu landinu, en 1936 eru einir 4 erlendir kaupr enn til hjer, sem við innflutningsverslun fást. Jón Sigurðsson og Tómas Semundsson trúðu á hina frjálsu verslun og hina ísl. verslunarstjett, og hvorugt hefir brugðist þeim.

En einokunin er sjálfri sjer lík og hennar líð hefir heldur ekki brugðist sínum málstað. En það hefir engu gleymt og ekkert lært. Það er að vísu ekki hald ið uppboð á fjöreggi þjóðarinnar úti í Danmörku nú, en því gleggra heyrst nákrúnkið hjer heima. Það er ef til vill ekki rjett að kalla einkasöluarnar einokun, en margt er líkt með skyldum.

Það er talað um að skipuleggja verslunina eins og á einokunartímunum. Tóbak og brennivín flóir yfir landið, þótt nauðsynjar skorti eins og á hinum svörtustu einokunartímum. Og nokkurnveginn eina dæmið fyrir, að þessum nýja ófögnuði hafi verið afljett, er sem fyr að kongurinn fór að tapa: að axarsköft einkasölu urðu svo stór, að hún varð gjaldþrota. Þó skal eigi haldin líkraða yfir verslunarfrelsinu í dag. Við trúum því, að sá manndómur, sem borgið hefir því fram til þessa, eigi enn eftir að sigra.

Að sá hluti þjóðarinnar, sem lítur verslunarfrelsið og verslunarstjettina sömu augum og Jón Sigurðsson og Tómas Semundsson gerðu, megi með aðstoð Verslunarþingsins endurheimta fullt verslunarfrelsi. En þá megum við ekki láta smá innbyrðis ágreining sundra okkur í baráttunni fyrir frelsi, jafnrjetti og rjettlæti.

Að svo mæltu segi jeg hina þriðja Verslunarþingi slituð.

MÁLTÆKIÐ SEGIR:

BLINDUR ER BÓK-LAUS MAÐUR.

REYKVIKINGAR SEGJA:

BLINDUR ER SÁ SEM EKKI LES

Morgunblaðið